

Föstudaginn 26. september 1969.

Nr. 117/1969. **Fiskimjölsverksmiðjan**
í Vestmannaeyjum h/f

gegn

Karli Jónssyni og Jóni Ingiberssyni
f. h. þrotabús Friðriks Jörgensens og
Unnsteini Beck, skiptaráðanda í Reykjavík.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Frávisun.

Dómur Hæstaréttar.

Unnsteinn Beck borgarfégeti hefur framkvæmt hina kærðu dómsathöfn.

Með kæru 25. febrúar 1969, sem Hæstarétti barst 20. júní 1969, hefur sóknaraðili skotið til Hæstaréttar ákvörðun skiptadóms Reykjavíkur frá 5. febrúar 1969 um að heimila varnaraðilja höfðun máls til riftunar viðskiptasamnings. Gerir sóknaraðili þær dómkröfur aðallega, að hin kærða dómsathöfn verði ómerkt og málinu vísað heim í hérað til ákvörðunar af nýju, en til vara, að hinni kærðu dómsathöfn verði hrundið og málshöfðunarheimildin úr gildi felld. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðiljar Karl Jónsson og Jón Ingibersson f. h. þrotabús Friðriks Jörgensens krefjast þess aðallega, að kærumáli þessu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hin kærða dómsathöfn verði staðfest. Þá krefjast þeir kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Skiptaráðanda bar að skera úr ágreiningi fundarmanna á skiptafundi samkvæmt 2. mgr. 24. gr., sbr. 90. gr. laga nr. 3/1878, sbr. og 30. gr. laga nr. 25/1929. Lagaheimild brestur til kæru máls þessa, sbr. d-lið 2. tl. 21. gr. laga nr. 57/1962, og ber því að vísa málinu frá Hæstarétti. Þá ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðiljum kærumálskostnað, er ákveðst kr. 5.000.00.

Víta ber drátt af hendi skiptaráðanda að senda Hæstarétti skjöl máls þessa.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Fiskimjölsværksmiðjan í Vestmannaeyjum h/f, greiði varnaraðiljum Karli Jónssyni og Jóni Ingiberssyni f. h. þrotabús Friðriks Jörgensens kr. 5.000.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Þinghald skiptadóms Reykjavíkur 5. febrúar 1969.

Ár 1969, miðvikudaginn 5. febrúar, var skiptaréttur Reykjavíkur settur í skrifstofu borgarfégetaembættisins að Skólavörðustíg 12 og haldinn af borgarfégeta Unnsteini Beck ásamt neðanrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Að taka ákvörðun um tillögu Guðjóns Steingrímssonar hæstaréttarlögmans um höfðun riftunarmáls á hendur Fiskimjölsværksmiðjunni í Vestmannaeyjum h/f, sem fram kom á skiptafundi í þrotabúi Friðriks Jörgensens h/f hinn 20. janúar s.l.

Þar sem atkvæðagreiðslur um málshöfðun þá, sem að framan getur, hafa farið svo, að tillögur um málshöfðun hafa yfirleitt ekki sætt andmælum frá öðrum en þeim málflytjanda, sem m. a. fer með umboð væntanlegs varnaraðilja í málinu (sic). Með því að svo virðist sem höfðun riftunarmáls á þeim grundvelli, sem lagður er fyrir í tillögu Guðjóns Steingrímssonar hæstaréttarlögmans, hafi ekki í för með sér verulega hættu á útgjöldum fyrir búið og þar sem riftunarmál gæti leitt til þess, að búinu bætist fjármunir til skiptingar milli almennra kröfuhafa í búinu, þar á meðal þeirra, sem óskað hafa heimildar til málshöfðunar f. h. búins, þykir skiptaráðanda rétt að veita heimild til margnefndrar málshöfðunar.

Guðjóni Steingrímssyni hæstaréttarlögmanni heimilast því f. h. kröfuhafanna Karls Jónssonar og Jóns Ingiberssonar að höfða f. h. þrotabús Friðriks Jörgensens dómsmál til riftunar á samningi Friðriks Jörgensens og Fiskimjölsværksmiðjunnar í Vestmannaeyjum h/f, dags. 28. desember 1966, um sölu á saltfiskbirgðum og gera í því máli fjárkröfur um greiðslu á andvirði hins selda fisks svo og kröfu um málskostnað úr hendi varnaraðilja.